

Nd.

191. Frumvæp

til laga um girðingar.

Frá landbúnaðarnefndinni.

1. gr.

Girðingar þær, sem lán er veitt til úr landssjóði svo og aðrar girðingar, er njóta, styrks af almannafé, skulu vera að minsta kosti 42 þuml. á hæð.

Eigi er vírgirðing á jafnslettum fullgild nema hún sé með 5 strengjum. — Garð má hlaða undir vírinn og skal hann vera 2—3 fet á hæð og 3 strengir ofan á honum ef hann er 2 fet, en 2 strengir ef garðurinn er 3 fet á hæð.

2. gr.

Stuðlar, sem vírinn er festur á, skulu vera með $2\frac{1}{2}$ faðms millibili, hvort sem girðingin er á jafnslettum eða garður hlaðinn undir vírinn samkvæmt 1. gr.

Girðing sé gerð að öðru leyti samkvæmt reglugjörð, er landsstjórnin semur.

3. gr.

Þegar einhver vill girða, hvort sem það er einstakur maður eða félag og leitar um lán úr landssjóði til þess, skal hann láta fylgja lánbeiðninni skýrslu um lengd og fyrirkomulag hinnar fyrirhuguðu girðingar og áætlun yfir kostnaðinn. — Nægi eigi fé það, sem ætlað er á ári hverju til girðinga til að fullnægja öllum, er um lán hafa beðið, skulu þeir, sem eigi komast að í það sinn, hafa forgangsrétt næsta ár að öðru jöfnu.

4. gr.

Girðing, sem lánað er til úr landssjóði, skal vera fullgei innan tveggja ára frá því að lánið var veitt. Skulu úttektarmenn hreppsins taka girðinguna út og senda Stjórnarráðinu vottorð um, að hún sé gerð samkvæmt fyrirráðum 1. og 2. gr. og reglugerðum þeim er getur um í 2. gr. Kostnað við úttekt greiðir lántakandi. — Ef girðingunni er eigi lokið þegar tvö ár eru liðin, fellur lánið í gjalddaga með 6% vöxtum.

5. gr.

Skylt er sérhverjum, hvort heldur það eru einstakir menn eða félög, er fengið hafa lán úr landssjóði til girðinga, að viðhalda þeim girðingum og endurbæta þær og endurnýja eftir þörfum.

Þegar um girðing á einstökum jörðum er að ræða, skal girðingin við ábúenda-skifti tekin út og fráfarandi skili girðingunni í gildu standi eða með fullu álagi.

6. gr.

Nú fer jörð í eyði svo að eigi er lengur not að girðingunni, og getur þá jarðeigandi eða ábúandi losað sig við þá skyldu að halda henni við. En borga verður hann þá að fullu það, sem eftir stendur af landssjóðslánu.

7. gr.

Girðing má ekki setja nær alfaravegi en svo, að full í alin sé milli vegarjaðrins og girðingarinnar. Gaddavírsgirðing má ekki setja nær alfaravegi en svo að 6 álnir séu frá vegarjaðrinum til girðingarinnar. — Eigi má nota gaddavír í traðir eða meðfram heimilisvegum eða heimreiðum, nema 3 feta garður sé hlaðinn undir vírinn.

8. gr.

A öllum girðingum skulu vera nauðsynleg hlið, og skal svo um húið, að þau verði opnúð og lokuð. — Fari ferðamaður um hlið á girðingu, er hann skyldur að loka því á eftir sér. — Vísitandi skemdir á girðingum og hliðum varða sektum.

9. gr.

Heimilt er sýslunefnd að gera samþykktir fyrir stærri eða minni svæði innan sýslu, um notkun gaddavírs, um samgirðing til varnar gegn ágangi búfjár, um tilhögun þeirra og viðhald og um beit innan girðingarinnar.

10. gr.

Nú þykir sýslunefnd nauðsyn að gera samþykkt samkvæmt 9. gr. og skal hún þá eða oddviti hennar kveðja til fundar á svæði því, er samþykktinni er ætlað að ná yfir. — Sýslunefnd ákveður fundarstað, en oddviti hennar eða sá, er nefndin kýs til þess, tiltekur fundardag og stjórnar fundi.

11. gr.

Á fundi þeim, er getur um í 10. gr., leggur fundarstjóri fram frumvarp til samþykktar, er áður hefir verið samþykkt af sýslunefndinni. Fallist fundurinn á frumvarpið óbreytt að efni með $\frac{2}{3}$ hlutum atkvæða þeirra, er samþykktin nær til, sendir sýslumaðurinn það til Stjórnarráðsins til staðfestingar og löggildingar. Eins fer um frumvarpið þó fundurinn geri við það breytingar, ef þær eru samþykktar með $\frac{2}{3}$ hlutum atkvæða og sýslunefnd felst á þæ. En vilji sýslunefnd ekki fallast á breytingartillögur, er samþykktarfundur gerir, skal kveðja til nýs fundar. Fallist fundurinn þá á frumvarpið óbreytt með $\frac{2}{3}$ hlutum atkvæða, fer um það svo sem fyr segir.

12. gr.

Heimilt er sveitarstjórn að gera samþykktir fyrir stærri eða minni svæði innan sveitar um hið sama efni og til er tekið í 9. gr. Er öll meðferð samþykktar þó hin sama og 10. og 11. gr. skipa fyrir um, nema að sveitarstjórn kemur þá hvarvetna í stað sýslunefndar og oddviti hreppsnefndar í stað oddvita sýslunefndar.

13. gr.

Nú er samþykkt gerð eins og fyrir er mælt og send Stjórnarráðinu til staðfestingar og virðist Stjórnarráðinu hún koma í bága við grundvallarreglur laga eða réttindi manna, er samþykktin endursend án staðfestingar og fylgja henni þá synjunarástæður Stjórnarráðsins.

Að öðrum kosti staðfestir Stjórnarráðið samþykktina, skipar fyrir um birting hennar og tiltekur hvenær hún öðlist gildi. Er hún upp frá því skuldbindandi fyrir alla þá, er á því svæði búa, er hún nær yfir.

14. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 5—100 kr., er renna í sýslusjóð. Sömuleiðis má ákveða fyrir brot mót samþykkt, er gerð kann að verða samkvæmt þessum lögum, sektir frá 2—20 kr., er renni í sýslusjóð, ef um sýslusamþykkt er að ræða, eða í sveitarsjóð, ef brotið er á móti hreppsamþykkt.

15. gr.

Með brot mót lögum þessum og samþykktum, sem gerðar kunna að verða samkvæmt þeim, skal farið sem almenn lögreglumál.

A t h u g a s e m d i r.

Vér undirritaðir nefndarmenn, er háttv. neðri deild alþingis hefir kosið til að íhuga landbúnaðarmál, leyfum oss að leggja fyrir deildina meðfylgjandi frumvarp til meðferðar og samþykkis.

Eins og hinn háttv. deild er kunnugt, samþykkti alþingi 1903 lög um túngirðingar, er heimiluðu að verja mætti úr landssjóði til lánveitinga 100,000 kr. á ári á tímabilinu 1905—1909 til að kaupa fyrir útlent girðingaefni með þeim skilyrðum og takmörkunum, sem sett eru í nefndum lögum. Lánsheimild þessi er út runnin og lögin sjálf úr gildi fallin við lok þessa árs.

Lög þessi mættu allmikilli mótstöðu á sínum tíma; framkvæmd þeirra virtist nokkrum vandkvæðum bundin og var því frestað um 2 ár á alþingi 1905, og aftur 1907 um 1 ár. Fyrir því hefir lánsheimild laga þessara verið minna notuð en ella.

Það, sem haft var á móti lögnum, var ekki að voru álitni sú hugsun og tilgangur þeirra að greiða fyrir aukinni jarðrækt með túngirðingum, heldur voru það ýms ákvæði laganna, þar á meðal lánsfresturinn o. fl. er mönnum þótti athugavert.

Hins vegar hafa komið fram óskir um það, að lánsheimildin, er felst í túngirðingalögnum, yrði framlengd á einn eður annan hátt. Vér álitum að slíkar raddir hafi við rök að styðjast, og viljum stuðla að því, að framvegis sé kostur á lánnum til að kaupa fyrir girðingaefni. Jafnframt teljum vér nauðsynlegt, að til séu almennu lagaákvæði um girðingar. Þessum tilgangi hyggjum vér að verði náð með frumvarpi voru, ef það yrði að lögum.

Frumvarpið er fyrst og fremst byggt á þeirri tillögu vorri til hinnar háttv. fjárlaganefndar, að tekin verði upp í fjárlagafrumvarpið fyrir 1910—1911 heimild til að lána megi bændum og girðingafélögum alt að 20,000 kr. hvort árið til þess að kaupa fyrir girðingaefni frá útlöndum.

Að öðru leyti inniheldur frumvarpið ýms ákvæði um girðingar alment og heimild fyrir sýslunefndir og hreppsnefndir til að gera samþykktir um notkun gaddavírs til varnar um samgirðingar, um beit innan samgirðingar o. fl.

Í frumvarpi því, er hér ræðir um, er gert ráð fyrir því, að lánveitingin úr landsjóði nái til girðinga alment, bæði um tún og engjar, og annara girðinga, sem gerðar eru í félagi eða samgirðinga. Ætlumst vér til að lánið veitist í hvert sinn eftir tillögum Búnaðarfélags Íslands, og teljum vér, að þar sé fólgin trygging fyrir því, að lánsheimildin verði eigi vanbrúkuð. Þeir sem fá lán, útvega sjálfir girðingaefnið á sinn kostnað. En

tryggingin fyrir því, að lánið verði notað, eins og til er ætlast, teljum vér að felist í frumvarpinu.

Að því er snertir einstakar greinar, viljum vér taka þetta fram:

Um 1. gr.

Með ákvæðum greinarinnar vill nefndin tryggja það, að girðingar, sem njóta styrks af almanna fé, svo sem búnaðarstyrks og lána úr Ræktunarsjóði Íslands og landsjóði samkvæmt frumvarpinu, séu yfir höfuð varanlega gerðar og veiti trygga vörn. Virgirðing á jafnsléttu telur nefndin því að eins gilda, að hún sé 5-þætt. Garður undir vörnum er ætlast til að ekki sé hærrí en 3 fet, og er það í samræmi við ályktun alþingis 1901 um skilyrðin fyrir styrkveitingu úr landssjóði til búnaðarféлага. Það er og álit nefndarinnar, að garður undir vör ætti ekki að vera lægri en 2 fet. Annars er hætt við, að yfirgirðingin eða vörinu beri garðinn ofurliða og endingin verði lakari.

Um 2. gr.

Bilið á milli stuðla í virgirðingu álitur nefndin að sé hæfilegt $2\frac{1}{2}$ faðmur, jafnvel hvernig sem girðingu er hagað að öðru leyti. — Hér er og gert ráð fyrir, að landstjórnin semji reglugjörð um hvernig girða skuli þegar ræða er um þær girðingar, sem landssjóður lánar fé til. Ætlast er til, að ákvæði 1. og 2. gr. verði tekin upp í slíka reglugjörð með nánari reglum.

Um 3.—6. gr.

Ákvæði þessara greina snerta sérstaklega þær girðingar, sem lán er veitt til úr landssjóði, samkvæmt tillögu nefndarinnar. Að öðru leyti má geta þess, að þessar greinar eru í samræmi við sams konar ákvæði í túngirðingalögum frá 1903.

Um 7. gr. og 8. gr.

Þessar greinar innihalda engin ákvæði um girðing með fram vegum, tröðum og um hlið eins og er í núgildandi vegalögum og túngirðingalögum. Telur nefndin þessi ákvæði sanngjörn og nauðsynleg.

Um 9.—11. gr.

Hér er gert ráð fyrir að heimila sýslunefndum vald til að gera samþykktir fyrir stærri eða smærri svæði innan sýslu, viðvíkjandi gaddavirsgirðingum. Hér eru sams konar ákvæði og eiga sér stað um heimildarlög til að gera samþykktir.

Um 12. gr.

Ætlast er til með þessari grein, að heimild til að gera samþykkt ná einnig til hreppsnefndar innan hrepps, og getur það oft komið sér vel þegar ræða er um samgirðingar.

Við 13.—15. gr.

er ekkert sérstakt að athuga.